

Rangárþing eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 19. september 2022
UST202209-066/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Hlíðarendakot – Rangárþing eystra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi eystra er barst 6. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á deiliskipulagi fyrir Hlíðarendakot í Fljótshlíð.

Í greinargerð kemur fram deiliskipulagið nær til tæplega 27 ha svæðis af jörðinni Hlíðarendakoti. Einnig kemur fram að á íbúðarsvæðinu er gert ráð fyrir sjö lóðum af mismunandi stærð. Á reitum Í4-Í7 er heimild fyrir allt að 300 m² íbúðarhúsum á 1-2 hæðum auk kjallara. Á reit Í8 er heimild fyrir 500 m² og allt að 3ja hæða íbúðarhúsi auk 100 m² geymsluhúss þar sem mænishæð má vera allt að 8,5 m. Á reit Í9 er heimild fyrir 4 heilsárshúsum sem geta verið allt að 150 m² að stærð þar sem mænishæð má vera allt að 6 m. Innan íbúðarsvæðisins er núverandi íbúðarhús lögbýlis sem áfram heldur sinni heimild til starfsemi á sviði landbúnaðar.

Drífandi

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er fossinn Drífandi og er hann norðan við Þorsteinslund.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um fossinn í greinargerð og hann sé merktur á uppdráttinn. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að fossinn fellur undir b. lið. 2. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, en samkvæmt lögunum njóta fossar og nánasta umhverfi þeirra (200 metra radíus) sérstakrar verndar að því leyti að sýn að þeim spillist ekki.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur